

DAGSKRÁ

VETUR/VOR  
2024

BÓKASAFN  
GARÐABÆJAR

TÓNLISTARNÆRING

AFTUR TIL HOFSSTAÐA

MINJAGARÐURINN  
HOFSTÖÐUM

HÖNNUNARSAFN  
ÍSLANDS

MENNING Í  
GARÐABÆ

Bókasafn Garðabæjar er lifandi upplýsinga- og sköpunarsetur þar sem öll eru velkomin að koma og fræðast, miðla, hittast, dvelja og njóta góðra stunda. Fjölbreyttur safnkostur og viðburðir eru í boði fyrir allan aldur.

### Fastir liðir

Lesið fyrir hund Annan laugardag í mánuði kl.11.30.

Skráning á bokasafn@gardabaer.is eða í síma 591 4550.

Klassíski leshringurinn Annan hvern þriðjudag kl.10.30.

Norræni leshringurinn í samstarfi við Norræna félagið í Garðabæ. Þriðja fimmtudag í mánuði kl.19. Stjórnandi Jórunn Sigurðardóttir.

Skráning á vefsíðu.

Þrjónað og hlustað Fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði kl.10.30.

Urriðaholtsskóli Fjölskyldustund fyrsta laugardag í mánuði kl.12-14.

Fimmtudagsfjórið þriðja fimmtudag í mánuði kl.16-18.

Viðburðirnir eru liður í samstarfsverkefni Urriðaholtsskóla og Bókasafns Garðabæjar. Ekki er hægt að taka bækur að láni en pöntunarþjónusta möguleg á bokasafn.gardabaer.is

### Janúar dagskrá

Laugardagur 6.janúar kl.12-14 í Urriðaholtsskóla Fögnum síðasta degi jóla með því að búa saman til prettándagrímur.

Laugardagur 6.janúar kl.12-14 á Álftanessafni Prettándaföndur.

Fimmtudagur 18.janúar kl.10.30 á Garðatorgi Foreldraspjall: Skyndihjálpu ungbarna með Ólafi Inga Grettissyni.

Laugardagur 20.janúar kl.11.30-14.30 á Garðatorgi Minecraft, hönnun og landafræði með Skema. Skráning á vefsíðu.

Þriðjudagur 30.janúar kl.17.30 á Garðatorgi Fróðleiksmoli: Birna G. Ásbjörnsdóttir fjallar um parmaflóruna.

Miðvikudagur 31.janúar kl.19-21 á Garðatorgi Lesró-Þreyjum Þorrann með lestri-Lesið frá ykkur sektir.

### Febrúar dagskrá

Föstudagur 2.febrúar kl.17-20 á Garðatorgi

#### Safnanótt

Barnakór, bingó, föndursmiðja með Unu Maríu Magnúsdóttur og opnun hjá Grósku.

Laugardagur 3.febrúar kl.12-14 í Urriðaholtsskóla Bolla, bolla, bolla. Komum saman og útbúum flotta vendi til þess að fá sem flestar bollur á bolludaginn.

Laugardagur 3.febrúar kl.12-14 á Álftanessafni Leikið með ljósaborð og segulkubba.

Miðvikudagur 7., 14. og 21.febrúar Kl.19-21 á Garðatorgi Lesró-Þreyjum Þorrann með lestri-Lesið frá ykkur sektir.

Fimmtudagur 15.febrúar kl.10.30 á Garðatorgi Foreldraspjall: Sigrún Þorsteinsdóttir fjallar um matvendni barna.

Laugardagur 17.febrúar kl.13 á Garðatorgi Skemmtileg smiðja fyrir börn um sögupersónur.

Þriðjudagur 27.febrúar kl.17.30 á Garðatorgi Fróðleiksmoli: Hvað er gervigreind og hvernig getum við nýtt okkur hana? Steinn Örvar Bjarnarson fræðir gesti um möguleika gervigreindar.

### Mars dagskrá

Laugardagur 2.mars kl.12-14 í Urriðaholtsskóla Björk Bjarnadóttir, sagnakona og þjóðfræðingur, fjallar um álfa, huldufólk og plöntur.

Laugardagur 2.mars kl.12-14 á Álftanessafni Perlum saman.

Laugardagur 16.mars kl.13 á Garðatorgi Skapandi smiðja með Ásgerði Heimisdóttur listakonu.

Fimmtudagur 21.mars kl.10.30 á Garðatorgi Foreldraspjall: Færir foreldrar með Hrafnhildi Helgadóttur.

### Apríl dagskrá

Laugardagur 6.apríl kl.12-14 í Urriðaholtsskóla Teiknum saman bóka-orma og útbúum gilddur til að góma þá.

Laugardagur 6.apríl kl.12.30 á Álftanessafni Lesið fyrir hund.

Skráning er nauðsynleg á sigridursighvats@gardabaer.is

Fimmtudagur 18.apríl kl.10.30 á Garðatorgi Foreldraspjall: Kynning á Súperbókaseríunni. Bækurnar fjalla um súperstyrkina og miðla sálfræðiþekkingu til barna og uppalenda þeirra.

Laugardagur 20.apríl kl.11.30-14.30

á Garðatorgi Roblox-forritun með Skema.

Skráning á vefsíðu.

Þriðjudagur 23.apríl kl.17.30 á Garðatorgi Fróðleiksmoli: Arnar Péturs hlaupaþjálfari.

Laugardagur 27.apríl Uppskeruhátíð Barnamenningarhátíðar. kl.12 Dr. Bæk ástandsskoðar hjól. kl.13 Björk Bjarnadóttir sagnakona og þjóðfræðingur fræðir yngstu gesti safnsins um álfa og huldufólk. kl.14 Álfaföndur.

### Mái dagskrá

Laugardagur 4.mái kl.12-14 í Urriðaholtsskóla kl.12-14 á Álftanessafni Undirbúum okkur fyrir sumarlesturinn með því að föndra saman skrautleg bókamerki.

Fimmtudagur 16.mái kl.10.30 á Garðatorgi Foreldraspjall: Dagskrá auglýst síðar.

Bókasafn Garðabæjar Garðatorgi 7 Sími 591 4550 Opið alla virka daga kl.9-19 laugardaga kl.11-15

Álftanessafn v/Eyvindarstaðaveg

Sími 591 4560 Opið mánudaga til fimmtudaga kl.14-18, föstudaga kl.14-17 fyrsta laugardag í mánuði kl.12-15

Urriðaholtsskóli v/Vinastræti Fjölskylduviðburðir fara fram fyrsta laugardag í mánuði kl.12-14 og þriðja fimmtudag kl.16-18. Viðburðirnir eru liður í samstarfsverkefni Urriðaholtsskóla og Bókasafns Garðabæjar. Útlán bóka ekki möguleg en pöntunarþjónusta á bókum á viðburðadögum, sjá nánar á bokasafn.gardabaer.is

Nánari upplýsingar um aðra viðburði má finna á bokasafn.gardabaer.is og á Facebook.

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

Hönnunarsafn Íslands sýnir, skráir, rannsakar, safnar og varðveitir íslenska hönnun og listiðnað. Boðið er uppá innihaldsríka dagskrá fyrir börn og fjölskyldur sem og fyrirlestra og námskeið fyrir fullorðna. Í safnbúðinni er gott úrval af hönnunarvöru.

### Sýningar

3. febrúar 2022–1. mars 2026

## HÖNNUNARSAFNIÐ SEM HEIMILI

Sýning á 200 hönnunargripum úr safneigninni. Sýningin er sett upp sem grunnmynd af heimili og rétt eins og á heimilum fólks eru hlutir fengnir héðan og þáðan og fjölbreytileikinn því allsráðandi. Húsgögn, borðbúnaður, fatnaður, bækur og textill frá ólíkum tímum koma saman á sýningunni og varpa þannig ljósi á brot af því sem íslenskir hönnuðir og handverksfólk hefur skapað.

### Safnið á röngunni

19. mars–26. maí 2024

## ELDBLÓM

Kortlagning á því hvernig dans varð að vöruhönnun. Eldblóm er hugarverk listamannsins og danshöfundarins Sigríðar Soffíu Nielsdóttur og er dæmi um upp-sprettu hugmynda sem flæða á milli listgreina.

### Pallurinn

19. janúar–18. febrúar 2024

## FALLEGUSTU BÆKUR Í HEIMI 2023

FÍT í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands standa fyrir sýningunni Best Book Design from all over the World 2023. Stiftung Buchkunst, þýsk samtök tileinkuð bókahönnun, hafa frá árinu 1963 veitt verðlaun fyrir bókahönnun víðs vegar um heiminn.

1. mars–26. maí 2024

## SKART

Sýning á skartgripum eftir Helgu Mogensen, Ingu Óðinsdóttur og Jónu Sigríði Jónsdóttur.

Skreyting hefur verið grundvallarþörf mannsins í mörg þúsund ár. Skartgripir kjarna þessa þörf um leið og þeir endurspeгла smekk fólks og oftast en ekki samfélagslega stöðu. Skartgripir eru gjarnan hlaðnir tilfinningalegum gildum sem tengist ást og minningum en geta einnig verið vettvangur fyrir skoðanir og gildi þess sem ber gripinn.

Sýningin er unnin í samstarfi við Textillfélagið í tilefni af 50 ára afmæli félagsins.

### Safnbúðin

Vörur eftir íslenska hönnuði til sölu en úrvalið spannar fatnað, borðbúnað, bækur, skraut og annað sem hönnuðir fást við í dag. Vörurnar tengjast allar safneign og sýningum á einhvern hátt.

### Smiðjan

Fræðslurými þar sem tekið er á mótí skólahópum og smiðjur haldnar fyrir fjölskyldur. Þrautaborð í anda arkitektsins og stærðfræðingsins Einars Þorsteins Ásgeirssonar (1942–2015) er staðsett í Smiðjunni. Námskeið, fyrirlestrar og aðrir viðburðir eru einnig haldnir í rýminu.

### Vinnustofudvöl

2. febrúar–5. maí 2024

## MARTA STAWOROWSKA

Nýútskrifaður gullsmiður sem verður spennandi að fylgjast með í vinnustofunni sem er opin og staðsett í anddyri safnsins. Gestir geta fengið innsýn í starf gullsmiðs og átt samtál við Mörtu sem er að stíga sín fyrstu skref í faginu.

### Janúar

### dagskrá

Sunnudagur 7. janúar  
kl. 13–15

Leikur með skapandi skrif fyrir alla fjölskylduna. Finnum orð og látum þau leiða okkur í ferðalag með Unu Maríu Magnúsdóttur sem er nýútskrifaður grafískur hönnuður frá Gerrit Rietveld Academie. Orð og texti eru hennar uppáhalds viðfangsefni.

Föstudagur 19. janúar  
kl. 17

Opnun. *Fallegustu bækur í heimi* á Pallinum.

Sunnudagur 21. janúar  
kl. 13

Leiðsögn um sýninguna *Hönnunarsafnið sem heimili* með Sigríði Sigurjónsdóttur safnstjóra.

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Febrúar dagskrá

Föstudagur 2. febrúar  
kl.20

Safnanótt

Opnun. Lilý Erla Adamsdóttir hefur verið í vinnustofudvöl undanfarna mánuði og plantar nú verkum sínum á vegg heimilisins á sýningunni *Hönnunarsafnið sem heimili.*

Innflutningsboð. Marta Staworowska gullsmiður flytur inn í vinnustofuna þar sem hún mun dvelja við störf næstu þrjá mánuði.

Tónlist og tjútt um allt safn í tilefni Safnanætur.

Sunnudagur 4. febrúar  
kl.13–15

Leikur með þræði. Lilý Erla leiðir smiðju fyrir alla fjölskylduna.

Sunnudagur 18. febrúar  
kl.13

Einar Þorsteinn sem innblástur. Fyrirlestur Þórunnar Árnadóttur vöruhönnuðar. Hún dvaldi á Hönnunarsafninu á meðan verið var að skrá verk Einars Þorsteins með það að markmiði að hanna vöru út frá verkum og hugarheimi Einars. Nú fjórum árum seinna hafa verkin litið dagsins ljós, ilmkerti sem bera heitið Elements.

Mars dagskrá

Föstudagur 1. mars  
kl.17

Opnun. Skart á Pallinum.

Sunnudagur 3. mars  
kl.13–15

Skartgripasmiðja fyrir alla fjölskylduna.

Sunnudagur 17. mars  
kl.13

Leiðsögn um *Hönnunarsafnið sem heimili* með Sigríði Sigurjónsdóttur safnstjóra.

Apríl dagskrá

Sunnudagur 7. apríl  
kl.13–15

Textílsmiðja fyrir alla fjölskylduna.

Sunnudagur 21. apríl  
kl.13

Fyrirlestur um Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt. Halldóra Arnardóttir listfræðingur og sýningarstjóri flytur erindið.

Uppskeruhátíð  
Barnameningarhátíðar í Garðabæ

Laugardagur 27. apríl  
kl.13–15

Hönnunarteymið Þykjó leiðir spennandi smiðju fyrir alla fjölskylduna en einnig verður sýning á verkum 4. bekkinga opin.

Mái dagskrá

Sunnudagur 5. maí  
kl.13.–15

Flugdrekasmiðja með textílhönnuðinum Arite Fricke.

Sunnudagur 19. maí  
kl.13

Leiðsögn um sýninguna *Hönnunarsafnið sem heimili.*

Hádegistónleikar í boði menningar- og safnanefndar Garðabæjar í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar. Tónleikarnir fara fram í sal skólans að Kirkjulundi, dagskráin hverju sinni kemur á óvart en aðgangur er ókeypis.

Miðvikudagur 10.janúar  
kl.12.15

RAGNHEIÐUR INGUNN  
JÓHANNSDÓTTIR sópran  
og EVA ÞYRI  
HILMARSDÓTTIR píanó

Miðvikudagur 7.febrúar  
kl.12.15

PAMELA DE SENSI flauta,  
MARGRÉT  
HRAFNSDÓTTIR söngur  
og KATIA CATARCI harpa

Miðvikudagur 6.mars  
kl.12.15

LAUFHEY SIGRÚN  
HARALDSDÓTTIR píanó  
og SÓLBORG  
VALDIMARSDÓTTIR píanó

Miðvikudagur 3.apríl  
kl.12.15

MAGNEA  
TÓMASDÓTTIR sópran  
og SÓLVEIG ANNA  
JÓNSDÓTTIR píanó

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

TÓNLISTARNÆRING

## SAFNANÓTT 2. FEBRÚAR

Dagskrá fyrir fjölskyldur á Bókasafni Garðabæjar frá kl. 17–20 og opnun á sýningu á vegum Grósku.

Sýningaropnun og innflutningsboð, tjútt og tónlist á Hönnunarsafninu frá kl. 20–22.

## BARNAMENNINGAR- HÁTÍÐ Í GARÐABÆ 22.–27. APRÍL

Nemendur grunnskólanna taka þátt í fjölbreyttum viðburðum sem haldnir eru í Hönnunarsafni Íslands, Bókasafni Garðabæjar, Minjagarðinum á Hofsstöðum og sýningunni Aftur til Hofstaða sem og í glerhýsum Garðatorgs. Uppskeruhátíð fyrir alla fjölskylduna fer fram þann 27. apríl þar sem fjölskyldur geta skapað, skoðað og notið saman.

## JAZZÞORPIÐ Í GARÐABÆ

Garðatorg breytist í Jazzþorp eina helgi í maí. Margir af bestu jazz-tónlistarmönnum landsins koma fram. Listrænn stjórnandi Jazzþorpsins er Ómar Guðjónsson en upplifunarhönnuður er Kristín Guðjónsdóttir í samstarfi við Góða Hirðinn. Ókeypis er á alla viðburði og öll velkomin meðan húsrúm leyfir.

Nánari upplýsingar á samfélagsmiðlum og vef Garðabæjar.

## AFTUR TIL HOFSSTAÐA, MINJAGARÐURINN Á HOFSSTÖÐUM OG AFTUR TIL HOFSSTADA.IS

Lífinu í landnámsbænum sem fannst við Kirkjulund eru gerð góð skil með sýningum og vefsíðu sem nýtist jafnt skólahópum sem almenningi. Saga Garðabæjar frá landnámi er rakin í glæsilegri hönnun á margmiðlunar-sýningunni Aftur til Hofstaða á Garðatorgi 7. Í Minjagarðinum á Hofsstöðum við Kirkjulund má skyggjast inn í lífið á landnámsöld í gegnum margmiðlunarsjónauka en stór landnámskáli er staðsettur í garðinum auk þess sem fræðsluskilti hafa verið uppfærð. Á vefsíðunni [www.afturtilhofsstada.is](http://www.afturtilhofsstada.is) má sækja enn meiri fróðleik um landnámskálann og íbúa hans.

## MENNINGARDAGSKRÁ FYRIR SKÓLAHÓPA

Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi og áhersla lögð á að nemendur fái að skapa, tjá sig og upplifa hönnun, bókmenntir, tónlist, fornleifafræði og sögu í sérsniðinni dagskrá. Dagskráin fer fram í Hönnunarsafni Íslands, Bókasafni Garðabæjar, sal Tónlistarskóla Garðabæjar, Minjagarðinum á Hofsstöðum og á margmiðlunar-sýningunni Aftur til Hofstaða.



Upplýsingar um einstaka viðburði má finna á Facebook-síðu Garðabæjar, Hönnunarsafns Íslands og Bókasafns Garðabæjar.